

Ed. 419. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskóli. Aðsetur skólans er í sjómannaskólahúsinu. Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum.

2. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinuni næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

3. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

4. gr.

Kennslu skal haga þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Náms tími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera þrjú ár. En heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta náms tímans í nám hjá meisturum í iðninni í veitingahúsi eða á farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð. Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrífalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

5. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara, og skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna skólanefnd, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn.

6. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

7. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 2. gr. þessara laga.

8. gr.

Allur kostnaður við skólahald greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.